

Miðvikudaginn 18. september 1974.

Nr. 151/1974: **Sweki A/S**

gegn

Púsund og einni nótt.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús P. Toríason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júlí 1974, sem barst dóminum 9. september 1974. Miða verður við, að umboðsmaður sóknaraðilja hafi fyrst fengið vitneskju um uppsögu héraðsdómsins 4. júlí 1974. Er kæran því fram komin innan lögmæltis kærufrests, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, en með bréfi 16. júlí 1974 tilkynnti héraðsdómari honum kæru máls þessa og krafði hann greinargerðar samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 75/1973.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 18. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí s.l., hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, Óðinsgötu 4, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Sweki A/S, Herning, Danmörku, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. apríl s.l., gegn Vilborgu

Ragnhildi Ingvaldsdóttur, Skipholt 26, Reykjavík, einkaeiganda verslunarinnar Þúsund og ein nótt, Hverfisgötu 50, Reykjavík, f. h. firmans til greiðslu á skuld að fjárhæð danskar kr. 15.004.00 ásamt 1½ % dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. desember 1973 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að skuld þessi sé fyrir vörur, sem stefnda hafi tekið út hjá stefnanda samkvæmt faktúr-um nr. 7372, dags. 17. október 1973, nr. 7488, dags. 22. október 1973, nr. 7649, dags. 28. október 1973, og nr. 7941, dags. 12. nóvember 1973.

Stefnda hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í málinu hafa ekki verið lagðir fram reikningar yfir einstakar vörusendingar, en á dskj. nr. 3 er uppgjör frá stefnanda til lögmanns í Danmörku, og eru þar taldar upp ofangreindar faktúru og dagsetningar og þar að auki fjárhæð hverrar einstakrar faktúru. Samtals gera fjárhæðir þessar kr. 14.227.00. Á ljósriti þessu stendur jafnframt: „Hinn 6.2. 1974 höfum við móttengið kr. 1.676.00 frá viðskiptavininum Þúsund og einni nótt í Reykjavík.“ Af skjölum málsins verður ekki séð, hvernig fjárhæðin danskar kr. 15.004.00 er fundin. Ekki kemur heldur fram, hvort áðurgreind fjárhæð kr. 1.676.00 hefur komið til frádráttar frá skuld stefnda. Með vísun til þess, sem hér hefur verið rakið, þá þykir verða að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna óljóss málalíbúnaðar.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, Ægir Ólafsson og Guðmundur Hjaltason.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
